

Fundur/aðalfundur Epsilondeildar, haldinn 27.5.2014.

Fundarstaður: Rauða húsið, Eyrarbakka.

Fundarefni: Aðalfundur, stjórnarskipti, vorþing og Konubókarstofa.

1. Rósa Marta setti fundinn og kveikti á kertunum.

Hún gerði grein fyrir gestabókinni sem glataðist á Laugarvatni. Vitað er að hún var með í för þar – það sýnir mynd.

20 konur voru mættar á fundinn og Rósa sagði frá þeim sem ekki komust. Hún flutti okkur kveðju frá Helgu sem var 1. formaður deildarinnar.

2. Ingibjörg las fundargerð.

3. Kolbrún var með orð til umhugsunar. Hún las um menninguna upp úr bókinni „Að elska er að lifa” þar sem H.C. Árnason ræddi við Gunnar Dal.

4. Formaður bað síðan viðstaddar konur að gera örlitla grein fyrir sér sem þær og gerðu. Guðrún Sigríks kennir í Þorlákshöfn, Kolbrún Guðnadóttir er hætt að kenna, Guðrún Þóranna sérkennari er hætt að kenna, Hrafnhildur Karlsdóttir er kennsluráðgjafi Árnesþings, Elinborg Sigurðardóttir er á biðlaunum og er orðin formaður Sambands sunnlenskra kvenna, Björg Björnsdóttir er komin á eftirlaun og á 50 ára kennarafmæli, Valbjörg – gestur – fyrrum félagi. Sísá (Sigríður Guttorms) komin á eftirlaun, Maddý (Margrét Guðmunds) komin á eftirlaun og velur af nægtarborði, Margrét Ísaksdóttir varð fimmtug um daginn, kennir í Hveragerði, Pálína Snorrardóttir, er kennari á eftirlaunum, Hólmfríður Árnadóttir býr á Sólheimum, er talmeinafræðingur, Erna Ingvarsdóttir kennir í Hveragerði, Vera Valgarðs kennir frönsku í FSU, Gunnvör Kolbeinsdóttir er leikskólastjóri í Hveragerði, Elín Hannibals er á eftirlaunum og iðkar hið ljúfa líf, býr á Flúðum, Eydís Katla er náms- og starfsráðgjafi á Selfossi, Sigríður Guðnadóttir kennir í Þorlákshöfn svo og Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir og Guðrún Sigríks Sigurðardóttir. Rósa Marta Guðnadóttir sem er úr Reykjavík, búsett á Eyrarbakka, kennari í FSU og styrkþegi hjá DKG.

Að þessari kynningu lokinni hófst aðalfundurinn.

Guðrún Þóranna var fundarstjóri.

- a) Skýrsla formanns sem Rósa Marta Guðnadóttir flutti. 28 konur eru í deildinni og ein er í leyfi.
- b) Gjaldkeri, Eydís Katla Guðmundsdóttir lagði fram reikninga sem voru samþykktir.
- c) Rósa Marta sagði að deildin myndi styrkja Konubókasafnið um 20.000 krónur.

- d) Velunnari deildarinnar er Elín Hannibalsdóttir og fékk hún svolítinn viðurkenningarvott.
- e) Ný stjórn var kynnt. Erna Ingvarsdóttir mun taka við formennsku og með henni verða Gunnvör Kolbeinsdóttir, Margrét Ísaksdóttir, Margrét Magnúsdóttir og Guðríður Aadnegard.

Aðalfundi slitið.

5. Nú sagði Elinborg frá vorþingi DKG sem haldið var á Ísafirði fyrr í vor. Hún sagði að það hefði verið skemmtilegt og gagnlegt. Elín Hannibals sagði frá Ísafirði, ýmsu milli fjalls og fjöru og fjöllum og fjöru.

Margar þingkonur gistu hjá Stellu Guðmunds í Heydal og þær gróðursettu trjáplöntur þar.

6. Loks kom Rannveig Anna Jónsdóttir og sagði okkur frá Konubókastofu, tilurð hennar og hugmyndum sínum um framtíð hennar.

Síðan var fundi slitið og við örkuðum af stað - með viðkomu í búðinni hans Guðlaugs heitins Pálssonar - til að skoða Konubókastofuna.

Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir ritaði.